

## GREINARGERÐ.

### 1. KENNSLUFRÆDI- OG UPPELDISSJÓNARMIÐ.

Skólinn gerir ráð fyrir bekkjakennslu með hefðbundnu sniði, en möguleikum til að breyta yfir í „hópkennslu“ að einhverju eða öllu leyti (sjá blað: „dæmi um aðra möguleika á fyrirkomulagi“.)

Reiknað er með, að útiskór séu skildir eftir við innganga og þar fyrir innan sé skólinn „hreinn“.

### 2. BYGGINGARKERFI, BYGGINGAREFNI, LOFTRÆSTING.

Byggingin er grundvölluð á 2 m mælikerfi með steyptum plötum, bitum og súlum og veggjum til stöðugleika við stiga og snyrtiherbergi. Allir aðrir innveggir og skilrúm eru léttbyggð.

Reiknað er með, að skólabyggingin verði loftræst að verulegu leyti vélrænt og verði loftræstitækjum komið fyrir í „turnum“ yfir stigahúsum og snyrtiherbergjum.

### 3. SKIPULAGSLEG OG ARKITEKTONISK SJÓNARMIÐ.

Eins og segir í útboðslýsingu eru tvö atriði ákvarðandi fyrir byggingu hins nýja skólahúss: núverandi skólabygging og Hamarinn. Höfundur er peirrar skoðunar, að gamla skólabyggingin, sem stendur á stefnumótum í landslaginu, eigi eftir sem áður að „krýna“ pennan stað og nýir byggingamassar eigi að undirstrika þessa áberandi og markvissu staðsetningu. Byggingarnar ættu að skyggja sem minnst á Hamarinn og undirstrika þá „hreyfingu“, sem er í hæðardrögunum og breytir um stefnu í gömlu skólabyggingunni. Landslagð býður upp á þann möguleika, sem höfundur leitast við að nýta, að halda byggingunum tiltölulega lágum næst Hamrinum, en gefa þeim jafnframt þau stærðarhlutföll við hlið gömlu skólabyggingarinnar, er sú bygging krefst. Utanhúss er reiknað með að taka upp á viðsum byggingarhlutum efnis- og litar-áferð gamla skólahússins.